

SAMÞYKKT

um sorphirðu hjá Dalvíkurbæ.

1. gr.

Dalvíkurbær annast eða býður út sorphirðu á Dalvík í samræmi við samþykkt þessa. Sorphirða fer fram undir yfirstjórn bæjartæknifræðings og undir eftirliti heilbrigðisfulltrúa.

2. gr.

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni íbúðarhúsnæðis á Dalvík er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem bæjarstjórn ákveður í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

3. gr.

Sorpílát skulu vera af þeirri gerð sem bæjartæknifræðingur samþykkir og ekki þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þau. Gæta skal þess að fylla ekki sorpílát meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

Í sorpílát má aðeins setja neysluúrgang þ. e. allt venjulegt heimilissorp. Óheimilt er að setja í ílátin mold, grjót, byggingarúrgang, garðagróður, gróðurleifar o. þ. h., glóð eða heita ösku. Spilliefni (umhverfismengandi úrgangur) mega ekki blandast því sorpi sem fer beint til förgunar. Spilliefnum skal skilað á sérstakan móttökustað.

4. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram einu sinni í viku. Um stórhátíðar skal hreinsa sorp eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á.

5. gr.

Fyrirtækjum og öðrum þeim sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar en tilgreint er í 4. gr., ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Við flutning einstaklinga og fyrirtækja á sorpi til móttökusvæða skal gæta ítrasta þrifnaðar.

Gjald fyrir þá sorphreinsun sem Dalvíkurbær framkvæmir samkvæmt grein þessari skal birt í sérstakri gjaldskrá sem umhverfissráðherra staðfestir.

6. gr.

Sorphirða samkvæmt 4. gr. greiðist af bæjarsjóði. Þó er bæjarstjórn heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald, sem umhverfissráðherra staðfestir. Sorphirðugjald skal lagt á hverja þá fasteign, sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast við stærð og fjölda íláta. Dalvíkurbæ er heimilt að takmarka fjölda sorpíláta við hverja fasteign.

7. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðisfulltrúa eða bæjartæknifræðings.

8. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og/eða geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það bæjartæknifræðingi eða heilbrigðisfulltrúa, sem gera þá viðunandi ráðstafanir til að bætt verði úr. Sorphirðumönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

9. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 32. og 33. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

10. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Dalvíkurbæjar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

Reykjavík, 23. febrúar 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Dalvík árið 1993.

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1993.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbæjar. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

		Kr.
A) Íbúðir	sorphirðugjald	4 000
B) Fyrirtæki	sorphreinsigjald	5 000
Flokkur 1	sorpeyðingargjald	200 000
Flokkur 2	sorpeyðingargjald	100 000
Flokkur 3	sorpeyðingargjald	50 000
Flokkur 4	sorpeyðingargjald	5 000
C) Íbúðir í dreifbýli og sumarhús	sorphirðugjald	4 000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m. a. eftir magni úrgangs.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphreinsigjalds á fyrirtæki þar sem eigendur annast alla hirðingu og flutning sorps á förgunarstað.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkur, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast nú þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 23. febrúar 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.